

Sjávarútvegs- og Landbúnaðarráðuneytið
Ólafur Friðriksson
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Iceland

Reykjavík, 17. apríl 2009
2009040008/42-9
TB/jgo

Innflutningur á Grænlandsfálka frá Hollandi

Vísað er til bréfs frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 7. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn vegna innflutnings á *Falco rusticolus candicans* frá Hollandi en fuglinn barst þangað með skipi og hefur verið þar í aðhlyningu sbr. bréf frá Fjölskyldu- og húsdýragarðinum dags. 19. febrúar sl. Einnig kemur fram í meðfylgjandi gögnum að Matvælastofnun / Yfirdýralæknir gerir ekki athugasemd við innflutning fálkans að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. *Falco rusticolus* er á CITES lista I skv. lögum nr. 85/2000.

Með tilliti til 41. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 og laga nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu gerir Náttúrufræðistofnun Íslands ekki athugasemd við að heimilað verði að flytja framangreindan fugl af tegundinni *Falco rusticolus* til Íslands og hann hafður í haldi í Fjölskyldu og húsdýragarðinum þar til hægt er að sleppa honum hér á landi. Náttúrufræðistofnun mun veita alla þá aðstoð sem henni er fært til að framganga málsins verði sem best.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson

